

VÍS FRÉTTIR

25.000 heimili
með F plús
tryggingu

Allt á kafi í
sóti og reyk

- segir Bylgja Björnsdóttir sem varð fyrir brunatjóni í sumar

Hvert er hlutverk
tryggingafélags?

Er þjónusta tryggingafélags munaður eða nauðsyn?
Eggert Ágúst Sverrisson framkvæmdastjóri einstaklingstrygginga-
sviðs VÍS segir frá starfsemi félagsins, tjónabótum og samkeppninni
á tryggingamarkaði

Traustur
tryggingamaður

Böðvar á Gautlöndum lítur yfir 60 ára starfsferil





Ágætu lesendur

Í síðasta mánuði sagði ég lausu starfi mínu sem forstjóri VÍS og mun láta af störfum síðar á þessu ári. Ég hóf störf hjá VÍS þegar það var stofnað og yfirtók meginhluta váttryggingarekstrar Samvinnutrygginga og Brunabótafélags Ísland í ársbyrjun 1989. Um næstkomandi áramót verða því liðin 14 ár frá þeim tíma, en samtals hef ég þá verið í ýmsum stjórnunarstörfum í atvinnulífinu í 30 ár. Með þessari ákvörðun hef ég í huga að skapa aukið svigrúm til að sinna öðrum hugarefnum og verkefnum, auk þess sem ég tel almennt að það geti verið gott bæði fyrir stórfyrirtæki og æðstu stjórnendur þeirra að þeir sitji ekki of lengi í starfi sem þessu.

Ég er bæði stoltur og þakklátur á þessum tímamótum. Stoltur fyrir hönd allra starfsmanna félagsins sem tekið hafa þátt í uppbyggingu og rekstri VÍS undanfarin ár og gert það að því öfluga og trausta félagi sem raun ber vitni. Ég er á sama tíma afar þakklátur stjórn og starfsfólki félagsins sem ég hef starfað með í gegnum árin, fyrir gott og traust samstarf um að sameina rekstur tveggja fyrrum keppinauta og byggja upp nýtt félag. Þá er ég ekki síst þakklátur viðskiptavinum félagsins um allt land fyrir það traust sem þeir hafa sýnt VÍS með vali á félaginu til að vera fjárhagslegur bakhjarl þegar á móti blæs. Hlutabréf félagsins eru nú skráð á tilboðsmarkaði Kauphallar Íslands og ekki vantar annað en að hrint verði í framkvæmd

fyrirætlunum stærstu hluthafanna um frekari sölur hlutabréfa og dreifingu eignarhalds, til að uppfylla öll skilyrði til skráningar á aðallista Kauphallarinnar.

Í starfi mínu sem forstjóri félagsins hef ég haft að leiðarljósi að sameina hagsmuni viðskiptavina, starfsmanna og eigenda. Enn sem áður hvet ég starfsmenn VÍS til að halda merkjum félagsins hátt á lofti. VÍS starfar á hörðum samkeppnismarkaði, en það er vel í stakk búið til að halda áfram að eflast og nýta sér áhuga-verð tækifæri í síbreytilegu starfsumhverfi. Þarfir viðskiptavinanna og þjónustan við þá verða ávallt lykilatriði í starfi váttryggingafélags. Atvinna þeirra sem hjá VÍS starfa og hagsmunir félagsins og eigenda þess byggjast á að uppfylla væntingar viðskiptavinanna.

Ég býð nýráðinn forstjóra VÍS, Finn Ingólfsson, velkominn til starfa og óska honum og félaginu alls velfarnaðar.

Með kveðju,

Axel Gíslason

**Hafðu samband við VÍS í síma
560 5000
eða kíktu á www.vis.is**

Útgefandi:Váttryggingafélag Íslands
Ritstjóri:Gerður Björk Guðjónsdóttir
Texti:Ásgeir Baldurs,
Ragnheiður Davíðsdóttir,
Karl Ágúst Ipsen o.fl.
Ábyrgðarmaður:Eggert Á. Sverrisson
Ljósmyndir:Vigfús Birgisson o.fl.
Uppsetning:Fiton ehf.
Prentun:Oddi

Dregið í ferðagetraun VÍS

Vinningshafinn í ferðagetraun VÍS var Edda S. Jónasdóttir, en getraunin var í VÍS fréttum sem dreift var með Morgunblaðinu í apríl 2002.

Í getrauninni þurfti að svara tveimur lauffléttum spurningum og senda svarið til VÍS. Vinningurinn var utanlandsferð fyrir fjölskylduna í tvær vikur að verðmæti 265.000 krónur.



Finnur Ingólfsson ráðinn forstjóri VÍS

- kemur til starfa 1. nóvember

Finnur Ingólfsson, bankastjóri Seðlabanka Íslands, hefur verið ráðinn forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. og tekur við starfinu af Axel Gíslasyni 1. nóvember næstkomandi.

Finnur Ingólfsson er fæddur 1954. Hann lauk prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1984 og hóf starfsferil sinn sem framkvæmdastjóri iðnfyrirtækja 1975-1978. Hann var aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra og síðar aðstoðarmaður heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra

1983-1991. Hann var alþingismaður Reykavíkinga 1991-1999. Auk þessa hefur hann setið í stjórnnum margra fyrirtækja og stofnana á undanförunum árum. Finnur var iðnaðar- og viðskiptaráðherra frá 1995 til loka árs 1999. Þá sagði hann skilið við stjórn málin og var skipaður bankastjóri Seðlabanka Íslands frá 1. janúar 2000.

Stjórn og starfsmenn VÍS bjóða hann velkominn til starfa á nýjum vettvangi.



Bráðavaktin í boði Lífís

Nýlega var undirritaður samningur milli RÚV og Lífís þess efnis að Lífís verði aðalstyrktaraðili sjónvarpsþáttarins „Bráðavaktin“ sem sýndur er í sjónvarpinu á miðvikudagskvöldum. „Þar sem Bráðavaktin er einn vinsælasti sjónvarpsþáttur sem sýndur er í sjónvarpi og efni hans

tengist lífshættu og sjúkdómum fannst okkur þetta vera góð tenging við okkar tryggingar. Einnig finnst okkur hjá Lífís það vera jákvætt að stuðla að því að sjónvarpsáhorfendum sé boðið upp á gæða-sjónvarpsefni“, segir Sigurbjörn Gunnarsson framkvæmdastjóri Lífís.



25.000 heimili með F plús tryggingu

Ekkert lát er á vinsældum F plús víðtæku fjölskyldutryggingarinnar hjá VÍS. Yfir 25.000 heimili eru í dag með F plús fjölskyldutryggingu og rúmlega 13.000 heimili með aðrar heimilstryggingar og má því áætla að rúmlega 100 þúsund einstaklingar njóti verndar í fjölskyldutryggingum hjá VÍS. Frá því að F plús tryggingin var fyrst kynnt árið 1991 hefur hún notið aukinnar hylli almennings og má sem dæmi nefna að samkvæmt skoðanakönnun Gallup telja 50% aðspurðra að F plús veiti bestu vernd fjölskyldutrygginga sem boðnar eru á Íslandi.

„Þegar F plús var sett á markað var haft að leiðarljósi að vera með sem víðtækast bótasvið og sem hæstar bótafjárhæðir sem rúmast innan eðlilegrar verðlagningar. Síðan hefur F plús verið í sífelldri þróun í takt við samfélagið og nýjar þarfir okkar viðskiptavina,“ segir Jón Þór Gunnarsson deildarstjóri hjá VÍS og einn þeirra sem unnið hefur að uppbyggingu á F plús.



Umferðardagar í Pennanum - Eymundsson

Bókaverslunin Penninn - Eymundsson í Austurstræti stóð fyrir umferðarfræðslu í barnadeild verslunarinnar dagana 7. og 14. september sl. Fulltrúi frá VÍS mætti á staðinn og afhenti börnunum endurskinsmerki, húfur, litabækur, liti o.fl. og fræddi þau um hætturarnar í umferðinni með dyggri aðstoð Lúlla löggubangsa sem var staddur á svæðinu í fylgd lögreglukonunnar Kristínar Brandsdóttur. Það var Ragnar V. Guðmundsson, verslunarstjóri, sem átti frumkvæðið að þessu umferðarátaki verslunarinnar í samstarfi við VÍS og lögregluna í Reykjavík.



VÍS á yfir 60 stöðum á landinu



VÍS státar af öflugu þjónustukerfi og eru þjónustustaðir félagsins á yfir 60 stöðum víðs vegar um landið. Þannig geta viðskiptavinir VÍS sótt fyrsta flokks þjónustu hvort sem þeir eru staddir í Reykjavík á Húsavík, Djúpvavogi eða Tálknafirði.

Auk þess er þjónustuver VÍS opið alla virka daga frá klukkan átta að morgni til sjö að kvöldi og þjónustuborð VÍS í Smáralind er opið alla daga vikunnar. Viðskiptavinir geta líka sótt þjónustu í gegnum Netið og kappkosta þjónustufulltrúar að svara öllum innsendum pósti við fyrsta tækifæri.

VÍS í Smáralind er opið:

11-19 virka daga
11-16 laugardaga
13-16 sunnudaga



Þjónustuborð í Smáralind

VÍS hefur starfrækt þjónustuborð í Landsbankanum í Smáralind frá opnun verslunarmiðstöðvarinnar. Þar geta viðskiptavinir félagsins sinnt tryggingamálum sínum utan hefðbundins vinnutíma, hvort sem er um virka daga eða helgar. Í Smáralind geta viðskiptavinir sótt alla almenna þjónustu og fagmannlega váttryggingaráðgjöf þegar þeim hentar.



Þjónustumiðstöð í Kópavogi

Þjónustumiðstöð VÍS á Smiðjuvegi 2, Kópavogi, er opin alla virka daga frá kl. 9:00 til 17:00. Þar geta viðskiptavinir nálgast einhverja öruggustu barnabílstóla sem völ er á og fengið aðstoð og ráðleggingar við notkun þeirra. Í þjónustumiðstöðinni er veitt öll þjónusta við viðskiptavinina og þar er líka tjónaskoðunarstöð VÍS. Í þjónustumiðstöð VÍS getur þú sinnt öllum erindum í einni ferð.



Magna Ósk Júlíusdóttir er starfsmaður í einstaklingsþjónustu VÍS í Ármúla. VÍS fréttir ræddu við Mögnu um starfið, áhugamálin og viðskiptavinina.

Magna kynntist VÍS í gegnum starfsþjálfun þegar hún stundaði nám við Viðskipta- og tölvuskólann. „Þegar ég var í skólanum var það hluti námsins að fara í tveggja vikna starfsþjálfun hjá einhverju fyrirtæki. Ég hugsaði málið og ákvað að athuga hvort ekki væri hægt að stunda þjálfunina hjá VÍS. Það var auðsótt mál og byrjaði ég þjálfunina á forstjóraskrifstofunni. Þaðan lá leið mín hingað í afgreiðsluna og varð ég alveg viss um að hér vildi ég starfa. Þegar náminu lauk sótti ég síðan um og það er skemmst frá því að segja að ég fékk starf hér,“ segir Magna sem starfað hefur hjá VÍS í tæp tvö ár.

„Starfið er mjög fjölbreytt og skemmtilegt. Það er mjög krefjandi og maður veit aldrei hverju maður á von. Ég hef líka mjög gaman af mannlegum samskiptum og það er í raun kjarni starfsins. Það skemmir ekki heldur fyrir að ég hef verið svo heppin að vinna með einstaklega góðu fólki hér.“ Magna kveðst vera mjög ánægð í starfi sínu en segir erfitt að lýsa venjulegum degi í vinnunni enda sé hver dagur ólíkur öðrum. „Við tökum á móti viðskiptavinum með mjög margvísleg erindi. Stundum er auðvelt að leysa úr málunum en þau geta líka verið mjög erfið úrlausnar. Fólk kemur líka mikið til að fá aðstoð við að yfirfara tryggingar sínar sem allir ættu að gera reglulega. Þá er alltaf mikið um að fólk komi til að tilkynna tjón. Við erum líka gjaldkerar hér í afgreiðslunni og tökum á móti greiðslu iðgjalda og greiðum tjónabætur. Við reynum eftir fremsta megni að veita góða þjónustu svo viðskiptavinurinn fari út með bros á vör.“

Magna á sér vitaskuld líf utan vinnu og segist hafa gaman af að mála í frístundum. „Þar sem vinnan getur verið mjög krefjandi finnst mér gott að fara í líkamsrækt til að hreinsa hugann og rækta líkamann,“ segir Magna Ósk Júlíusdóttir, starfsmaður VÍS í Ármúla.

Hvert er hlutverk trygginga

Hvert er hlutverk tryggingafélags? Er þjónusta tryggingafélags munaður eða nauðsyn? Eggert Ágúst Sverrisson er framkvæmdastjóri einstaklingstryggingasviðs Vátryggingafélags Íslands. VÍS fréttir tóku Eggert tali og ræddu við hann um starfsemi félagsins, tjónabætur og samkeppnina á tryggingamarkaði.

Hvernig lýsir þú þjónustu VÍS?

VÍS er þjónustufyrirtæki, þar sem dagleg vinna starfsmanna felst fyrst og fremst í því að leysa úr ýmsum málum fyrir viðskiptavinum félagsins. Við gerum okkur grein fyrir því að framtíðin byggist á því að veita viðskiptavinum okkar góða þjónustu. Til þess að fá vitneskju um viðhorf viðskiptavina könnum við m.a. reglulega hug þeirra með þjónustusímtölum. Niðurstöður þessara kannana notum við síðan í þróun á þjónustu og tryggingum félagsins.

Mikilvægustu þættir þjónustunnar snúast tvímælalaust um afgreiðslu tjónamála og ráðgjöf um vátryggingarvernd. Fólk kaupir vátryggingarvernd hjá tryggingafélagi til þess að verja sig gegn fjárhagslegu tjóni ef eitthvert óhapp skyldi koma fyrir. Viðskiptavinir VÍS eru um 65.000 talsins og vissulega kemur stundum fyrir að fólk hefur meiri væntingar um bætur en þær síðan reynast verða. Oft stafar þetta af misskilningi. Við reynum af fremsta megni að gera samskiptin eins einföld og þægileg og kostur er og hluti af því eru einfaldir og skýrir skilmálar fyrir tryggingar. Almennt eru viðskiptavinir okkar ánægðir með þjónustuna. Við sjáum það bæði af daglegum ummælum viðskiptavina og ýmsum þjónustukönnunum sem við höfum gert og má nefna að kannanir sýna að við njótum meiri viðskiptatryggðar en önnur tryggingafélög.

Nú segja margir að tryggingar bæti ekki neitt og þetta séu einungis útgjöld fyrir fólk!

Þessa fullyrðingu heyrum við oft þegar í ljós kemur að trygging nær ekki til þess tjóns sem fólk verður fyrir. Bótageiðslur félagsins segja aðra sögu og sem dæmi má nefna að á síðasta ári greiddum við hjá VÍS um 6 milljarða króna í bætur til mörg þúsund aðila. Það er okkar mat að þessar bætur hafi haft verulega

þýðingu fyrir þá sem þær fengu. Þeir sem fengu þessar bætur sjá örugglega ekki eftir því að hafa tryggt sig.

Hvaða augum lítur þú samkeppni á tryggingamarkaði?

Þetta er harður samkeppnismarkaður og barist um hvern viðskiptavin. Þar eru bæði innlendir og erlendir samkeppnisaðilar og sífellt koma nýir inn á markaðinn. Reynslan sýnir að margir þeirra hætta starfsemi eftir skamman tíma og getur það valdið viðskiptavinum þeirra erfiðleikum. Við hjá VÍS lítum svo á að sala á tryggingu sé einungis upphaf viðskiptasambands sem þarf að viðhalda með mikilli þjónustu.

...á síðasta ári greiddum við hjá VÍS um 6 milljarða króna í bætur til mörg þúsund aðila. Það er okkar mat að þessar bætur hafi haft verulega þýðingu fyrir þá sem þær fengu.

Hvers vegna hefur VÍS ekki miðlara í þjónustu sinni?

Við teljum farsælla að vera með bein samskipti við viðskiptavinum okkar í stað miðlara en við leggjum mikla áherslu á að þjónustufulltrúar okkar veiti vandaða ráðgjöf til viðskiptavina félagsins varðandi tryggingar. Hins vegar er ljóst að sú ráðgjöf miðast eðlilega við tryggingaframboð félagsins.

Eðli vátryggingamiðlara er að vera milliliður milli viðskiptamanns og vátryggingafélags. Vátryggingamiðlarinn á að vera óháður ráðgjafi viðskiptavinarins og beina viðskiptum hans á þann stað sem hagkvæmast er hverju sinni með tilliti til vátryggingarverndar, þjónustu og iðgjalda. Víða erlendis, t.d. í Bretlandi, hefur markaðurinn verið á þann veg að tryggingafélögin eru eingöngu nokkurs konar „heildsalar“ á tryggingum og miðlarar sjá um þjónustu við viðskiptavininn, eins og þjónustu varðandi innheimtu og tjón. Þróunin þar hefur verið sú að í auknum mæli er orðið beint samband milli viðskiptavinar og tryggingafélags. Við getum ekki rekið VÍS bæði sem „heildsölufélag“ og félag sem heldur sjálft úti víðtæku þjónustuneti fyrir viðskiptavinum sína.

félags?



Starfsemi VÍS má rekja til ársins 1917 þegar Brunabótafélag Íslands var stofnað og svo stofnunar Samvinnuþrygginga árið 1946. Þessir forfeður VÍS höfðu byggt upp gríðarlega öflugt þjónustunet sem VÍS hefur síðan viðhaldið eftir að það var stofnað árið 1989. Við erum með um 60 þjónustuskrifstofur um land allt og þar af 6 þjónustuskrifstofur á Reykjavíkursvæðinu. Það er þess vegna áratuga löng hefð hjá okkur fyrir beinu sambandi milli viðskiptamanns og tryggingafélags.

Þegar tryggingamiðlari hefur samband við fólk og er að bjóða fram þjónustu sína þá er mjög mikilvægt að kanna til hvaða tryggingafélaga viðkomandi miðlari er að miðla tryggingum. Ef miðlari er að miðla tryggingu einungis til eins félags þá má segja að hann sé í eðli sínu söluaður viðkomandi tryggingafélags en ekki óháður miðlari.

Eru tryggingar dýrar á Íslandi?

Það má svara þessari spurningu bæði játandi og neitandi. Yfirleitt er mest rætt um iðgjöld ökutækjetrygginga, enda er það sú trygging sem er hvað dýrust fyrir hinn almenna borgara. Fólk vill greiða sem minnst fyrir tryggingarnar sínar en fá á sama tíma góðar bætur þegar til tjóns kemur. Lögboðin trygging ökutækja er trygging sem bætir tjón sem ökuður veldur öðrum aðila eða verður fyrir sjálfur ef svo ber undir. Margir skilja ekki hvers vegna iðgjöld gamalla og ódýrra bíla eru næstum þau sömu og fyrir nýrri og dýrari bíla. Ástæðan er sú að gamla bifreiðin getur valdið öðrum sama tjóni og sú sem nýrri er. Í umferðaróhöppum er tjón á ökutækjum minni hluti tjónagreiðslna. Það eru fyrst og fremst líkamstjón ökumanna, farþega og annarra

vegfarenda sem eru kostnaðarsöm og geta þau numið tugum milljóna króna í einu slysi.

Breyting á skaðabótalögum sem tóku gildi árið 1999 bætti mjög stöðu þess sem slasast í umferðarslysum. Þar er mjög nákvæmlega kveðið á um að hverjar bætur eiga að vera með tilliti til aldurs, tekna viðkomandi og hve alvarlegt slysið er. Ég er sannfærður um það, að flestir vilja, að þeir sem slasast alvarlega í umferðarslysi njóti réttlátra tjónabóta. Það má segja að engar fjárhagslegar bætur geti bætt heilsu fólks þegar það verður fyrir alvarlegu slysi en þær geta hins vegar hjálpað fólki til þess að takast á við lífið við algjörlega breyttar forsendur eftir slys. Til þess að geta greitt þessar bætur þarf iðgjöld. Það er ein leið til þess að lækka iðgjöld, hún er að fækka tjónum. Iðgjöld koma alltaf til með að endurspeglu þau tjón sem verða á hverjum tíma.

Við hjá VÍS lítum svo á að sala á tryggingu sé einungis upphaf viðskiptasambands sem þarf að viðhalda með mikilli þjónustu.

Það er alveg hræðilegt til þess að vita hvað mörg slys verða í umferðinni hér á Íslandi. Það er ekki bara tjónið sem verður vegna eyðileggingar efnislegra hluta sem skiptir máli heldur fyrst og fremst hinn mannlegi harmleikur sem verður í kjölfar alvarlegra slysa. „Þess vegna vil ég undirstrika að fólk getur haft mikil áhrif á iðgjöldin með því að fækka slysum með ábyrgum akstri í umferðinni en það leiðir til færri tjóna og minni sorgar“ sagði Eggert Á. Sverrisson að lokum.

ÁB



Nú getur þú bætt öryggið á heimilinu á einfaldan og ódýran hátt!

Sérstakt tilboðsverð fyrir VÍS tryggingataka og frí heimsending.

TILBOÐ #1 Reykskynjaratilboð, 2 jónískir + 1 optískur

Jónískur reykskynjari skynjar vel sýnilegar sem ósýnilegar lofttegundir sem myndast þegar bruni er hraður, mikill hiti og opinn eldur. 9 volta rafhláða fylgir. Skynjarinn hentar vel þegar eldur kemur upp í eldfimum efnum eins og gluggatjöldum og jólaskreytingum.

Optískur skynjarar skynja vel lofttegundir sem myndast við glóðarbruna þar sem bruni er hægur og ekki mikill sýnilegur reykur. Hann hentar því vel í setustofur, sjónvarpsherbergi og þar sem mikið er af raftækjum. Einnig í námunda við eldhús og þvottahús.

Venjulegt verð: 5.735 kr.

VÍS verð: 4.709 kr. - þú sparar 1.026 kr.



TILBOÐ #2 Bílapakki - eykur öryggið í bílnum

Vandaður öryggishamar til að hafa í bílnum, ætlaður til að brjóta bílrúðu í neyðartilfellum. Í skaftinu er sérlegaður hnifur til að skera á bílbelti. Hamrinum fylgir sérstök festing til að festa hann í bílinn.

2 kg duftslökkvitæki sem hentar vel í útileguna, í bílinn og til þess að slökkva ýmsa minni elda.

Venjulegt verð: 7.035 kr.

VÍS verð: 4.335 kr. - þú sparar 2.700 kr.



TILBOÐ #3 Heimagæsla, öryggiskerfi

Þráðlaust öryggiskerfi fyrir heimili, tengt Öryggismiðstöð Íslands allan sólarhringinn.

Grunnkerfið samanstendur af eftirfarandi búnaði:

1 stk. stjórnstöð, 1 stk. hurðarrofa, 1 stk. hreyfiskynjara, 1 stk. fjarstýringu, 1 stk. reykskynjara og 1 stk. vatnsskynjara.

Heimagæsla með útkallsþjónustu er í boði á höfuðborgarsvæðinu, Akranesi, Suðurnesjum, Húsavík, Sauðárkróki og á Selfossi. Enginn stofnkostnaður og enginn uppsetningarkostnaður. Ókeypis ráðgjöf um uppsetningu frá sérfræðingum Öryggismiðstöðvar Íslands. Hægt er að fjölga skynjurum. Með viðbót hentar kerfið einnig fyrir sumarbústaði og skemmtibáta. Mikilvægt er að láta sérfræðing Öryggismiðstöðvar Íslands veita ráðgjöf.

Venjulegt leiguverð: 4.778 kr.

Leiguverð: 3.900 kr. pr. mán.

- þú sparar 878 kr. pr. mán.



**FYSTU TVEIR
MÁNUÐIRNIR
FRÍR!**

TILBOÐ #4 Handfrjáls búnaður

Handfrjáls búnaður í eyra og með hljóðnema í rana. Fyrir flesta Nokia, Siemens og Motorola síma.

Venjulegt verð: 1.550 kr.

VÍS verð: 1.250 kr. - þú sparar 300 kr.

Þann 1. nóvember mun lögreglan byrja að beita sektarviðurlögum gagnvart þeim sem tala í farsímann við akstur og nota ekki handfrjálsan búnað.



Tilboðin gilda til 31. desember 2002



Vika símenntunar hjá VÍS

Aðra vikuna í september tók VÍS þátt í viku símenntunar, en það er verkefni sem Menntamálaráðuneytið stendur að til að stuðla að símenntun í atvinnulífinu. Boðið var upp á samfellda fræðsludagskrá frá níu á morgnana og fram eftir degi frá þriðjudegi til föstudags. Á hverju námskeiði voru yfirleitt 20 manns og 3 til 4 á símafundi.

Áherslan var á námskeið sem snúa að starfsemi VÍS, tryggingar og tjón. Námskeiðin voru sett þannig upp að þau hentuðu þeim sem vildu kynna sér það sem þeir vinna ekki við dagsdaglega og þeim sem vildu rifja upp og bæta við þekkingu sína. Einnig fengum við Eyþór Eðvarðsson vinnusálfræðing í heimsókn og flutti hann fyrirlestur sem fjallaði um nám. Fyrirlestur hans vakti okkur til umhugsunar um endurmenntun og starfsþróun.

Tilraun með fjarkennslu

Þetta er í annað skipti sem VÍS tekur þátt í viku símenntunar. Í fyrra einbeittum við okkur að tölvutækni og vorum með námskeið sem miðuðu að því að gera starfsfólk okkar færara í að vinna í þeim tölvukerfum sem við erum með.

VÍS er með starfsemi á yfir 60 stöðum víðsvegar um landið og var sú nýbreytni í boði núna að starfsfólki á landsbyggðinni gafst kostur á að hlýða á námskeiðin og taka þátt í þeim í gegnum símafund. Við höfum gert tilraunir með þetta fyrirkomulag á kennslu og hefur það reynt vel. Allir þeir sem tóku þátt í námskeiðunum á símafundi hafa lýst því yfir að þeim líki þessi aðferð og að þeir vilji meiri fræðslu á þennan hátt. Við ætlum því að reyna að bjóða upp á þetta sem oftast því það er mikilvægt að starfsfólk okkar um land allt fái fræðslu og endurmenntun.

Símenntun heldur áfram

Á fimmtudagsmorgnum í vetur verður VÍS með röð af námskeiðum og fyrirlestrum fyrir sitt starfsfólk og köllum við þau VÍSvitandi. Þar verður í boði ýmis fróðleikur varðandi tryggingar, en líka ýmislegt annað sem nýtist í starfi. Einnig verða á dagskrá í vetur önnur námskeið sem tengjast tryggingum, þjónustu og tölvumálum og nokkrar deildir hjá okkur ætla að taka heilan laugardag í vetur í námskeiðahald.

Allt á kafi í sóti og reyk

- segir Bylgja Björnsdóttir sem varð fyrir brunatjóni í sumar

„Ég lagði töskuna mína á eldavélina á meðan ég var að taka peningaveskið mitt úr henni og fór síðan út í sund með syni mínum. Þegar ég kom heim eftir hádegis var allt á kafi í reyk í íbúðinni. Taskan var brunin til ösku og sótt og reykur um allt. Ég fékk nánast taugaáfall. Lánið í óláninu var þó að skömmu áður hafði tryggingamaður frá VÍS komið heim til mín til að fara yfir tryggingarnar mínar og þá ákvað ég að færa mig yfir í F plús tryggingu. Það er líklega skynsamlegasta ákvörðun sem ég hef tekið um ævina.“

Það er Bylgja Björnsdóttir, kennari og móðir 7 ára drengs, sem svo segir frá brunatjóni sem varð á íbúð hennar í fjölbýlishúsi í Breiðholti í sumar. „Þar sem þetta var að morgni dags, var auðvitað slökkt á eldavélinni enda hafði ég ekkert notað hana síðan kvöldinu áður. Einhvern veginn hlýtt ég að hafa strokist við rofana á vélinni með þeim afleiðingum að eldavelarhella fór af stað. Ég hafði áður orðið vör við að takkarnir voru mjög lausir á eldavélinni og þurfti ég stundum að setja eitthvað fyrir þá svo strákurinn minn fíktaði ekki í þeim þegar hann var minni. Þegar ég kom heim aftur var aðkoman heldur nóturleg,“ segir Bylgja sem kvaðst strax hafa hringt til móður sinnar. Hún ráðlagði henni að tala við fulltrúa VÍS og kom hann á staðinn skömmu síðar.

„Ég fékk frábæra þjónustu hjá VÍS. Um leið og tjónamatsmaðurinn kom hughreysti hann mig með því að segja að þetta væri nú ekki mikið mál þar sem engum hefði orðið meint af. Ég varð að flytja út úr íbúðinni í hálfan mánuð á meðan menn á vegum VÍS máluðu íbúðina, létu hreinsa föt, sængur, sængurföt, hand-

klæði, teppi, gluggatjöld og nánast allt í íbúðinni. Þeir tóku meira að segja heimilistækin og létu hreinsa þau,“ segir Bylgja og bætir við að fulltrúi VÍS hefði jafnframt beðið hana að skrifa niður allt sem skemmst hafði og óhreinkast af sóti. „Ég fékk að sjálfsögðu nýja eldavél og töskuna bættu og allt sem í henni var. Sótið var svo mikið eftir þetta að nánast allt var undirlagt.“

Bylgja segist þó þrátt fyrir allt vera afar þakklát fyrir að ekki fór verr. Enginn virtist vera heima í öðrum íbúðum í stigaganginum og því varð enginn eldsins var fyrir en Bylgja kom heim.

„Ég er t.d. þakklát fyrir að ekkert skemmdist sem er óbætanlegt, eins og t.d. ljósmyndir og erfðagripir sem ég átti frá ömmu minni og afa. Þegar ég les um eldsvoða í blöðunum, hugsa ég til fólksins sem verður fyrir þessu og missir kannski allt en það var ekki fyrir en ég lenti sjálf í svona tjóni að ég gerði mér grein fyrir hversu miklu áfalli maður verður fyrir. Ég get heldur ekki hugsað þá hugsun til enda hvað hefði gerst ef þetta hefði komið fyrir að kvöldi eða nóttu til.“

Ég skil líka núna hversu mikilvægar tryggingar eru því það er svo ótrúlega margt sem getur gerst sem maður á ekki von á og sjálf gerði ég mér ekki grein fyrir hversu margir hlutir skemmast og óhreinkast við ekki meiri eld en þetta. Eitt er víst að ég greiði tryggingaiðgjöldin mín með gleði í hjarta eftirleidis,“ segir Bylgja og tekur fram að hún hafi sérstaklega skoðað takkana á nýju eldavélinni áður en hún var keypt. „Ég vil engum svo illt að lenda í svona tjóni jafnvel þótt maður fái það bætt.“

RD

Svipmyndir úr þjónustukerfi VÍS



Akureyri

VÍS státar af stærsta þjónustukerfi tryggingafélaga á Íslandi þar sem starfsmenn félagsins hafa bæktistöðvar á yfir 60 stöðum á landinu. Starfsmenn þjónustuskrifstofu okkar á Akureyri eru þekktir fyrir góða þjónustu. Eins og á öðrum þjónustuskrifstofum kappkosta starfsmenn að leysa úr öllum málum viðskiptavina sinna, hvort sem um atvinnu- eða einstaklings-tryggingar er að ræða.



Þjónustuver Ármúla

**38% lengri
opnunartími**

VÍS er með lengstan afgreiðslutíma allra tryggingafélaga. Þjónustuver VÍS er opið alla virka daga frá átta að morgni til sjö að kvöldi. Einvala lið þjónustufulltrúa kappkosta að veita viðskiptavinum sínum sem besta þjónustu frá morgni til kvölds. Sími í þjónustuveri VÍS er 560 5000.



Selfoss

Á Selfossi starfa þjónustufulltrúar með víðtæka reynslu. Þeir eru vel í stakk búnir að veita alhliða váttryggingaráðgjöf, hvort sem um líffryggingar eða búfjártryggingar er að ræða og sinna jafnt þörfum einstaklinga og atvinnulífs.

Traustur tryggingamaður

Böðvar á Gautlöndum lítur yfir 60 ára starfsferil

„Grundvallaratriðið í þessari atvinnugrein er að eiga góð og persónuleg samskipti við viðskiptavininn; maður þarf að vera trúverðugur og heiðarlegur. Það versta sem fyrir getur komið í samskiptum tryggingafélagsins og viðskiptavinar er þegar upp koma mál þar sem tryggingin bætir ekki tiltekið tjón sem viðskiptavinurinn telur sig tryggðan fyrir. Þess vegna er svo mikilvægt að upplýsa fólk um bótaskið tryggingarinnar og benda því á að kynna sér vel skilmálana.“ Þetta segir Böðvar Jónsson, umboðsmaður VÍS í Skútustaðahreppi í Mývatnssveit, en hann hefur gegnt þeirri stöðu lengst allra umboðsmanna félagsins og forvera þess, eða í hartnær 60 ár. Böðvar, sem er á 78. aldursárinu, hyggur senn á starfslok eftir farsælan feril í tryggingaþjónustu og því er vel við hæfi að spjalla við hann á þessum tímamótum. Böðvar er fæddur og uppalinn á Gautlöndum í Skútustaðahreppi og stundaði hann þar búskap með tryggingastörfunum fram á síðustu ár þegar synir hans tóku við. Óhætt er að segja að Böðvar hafi alist upp í umhverfi tryggingamála þar sem faðir hans var áður umboðsmaður Brunabótafélags Íslands, sem ásamt Samvinnu-tryggingum stofnaði Vátryggingafélag Íslands.

„Ég man að hér á bænum voru til handskrifðar tryggingabækur frá fyrstu áratugum síðustu aldar. Þar voru skráð nöfn tryggingartaka, stærð á húsunum sem tryggð voru, lýsing á efni þeirra, eldstæðum og öðrum áhættuþáttum. Í þá daga voru hlutlausir matsmenn lögskipaðir af opinberum aðilum en þeir fóru á staðinn og skoðuðu hið tryggða húsnæði. Engar skyldutryggingar voru á þessum tíma og varð því tjón fólks verulegt ef engar tryggingar voru til staðar,“ segir Böðvar. „Helsta vinna föður míns var að senda út seðla til tryggingartaka og innheimta iðgjöldin. Þá voru póstsamgöngur ekki upp á marga fiska svo hann fór gjarnan með þetta sjálfur og fékk greidd iðgjöldin í beinhörðum peningum eða hann fór með lista í Kaupfélagið þar sem menn áttu inneignir og fékk iðgjöldin greidd af þeim reikningum,“ bætir Böðvar við og segir lítið, ef nokkuð, hafa verið um tjón á þessum árum.

Umboðsmaður tveggja félaga á sama tíma

Þegar Samvinnutryggingar voru stofnaðar árið 1946, voru tryggingar í Skútustaðahreppi boðnar út á vegum hreppsins og átti félagið lægsta tilboðið. „Faðir minn spurði þá hvað ætti að gera við Brunabótafélagið, sem þá var með nokkrar frjálsar tryggingar, og varð úr að ég tók við því umboði og þegar faðir minn hætti sem umboðsmaður Samvinnutrygginga árið 1972, tók ég við því. Ég man ég spurði hvort það gæti farið saman að vera með umboð fyrir tvö tryggingafélög en menn höfðu ekkert við það að athuga,“ segir Böðvar brosandi og sagði þetta e.t.v. hafa verið fyrirboða þess sem síðar varð, sameiningar félaganna en hann var í þjónustu beggja félaga-

anna fram að stofnun VÍS árið 1989 þegar hann tók við umboðsmannsstarfinu undir merkjum VÍS.

„Jú, það kom stundum fyrir, á meðan ég var með bæði félögin, að ég var settur í vanda þegar nýir tryggingartakar komu til mín. Þá varð ég að gera upp á milli félaganna ef fólk var óá-kveðið. En það blessaðist alltaf og aldrei kom til neinna hagsmunaárekstra.“

Upp úr stofnun Samvinnutrygginga varð algengara að fólk tryggði eignir sínar með frjálsum tryggingum. Ökutækjatrýggingar voru ekki margar í Skútustaðahreppi á þeim árum enda aðallega um að ræða vörubíla sem bændur áttu og einstaka jeppa. „Ég man ekki eftir að tjón eða slys hafi orðið í kringum dráttarvélnar, né þessa bíla sem hér voru á þessum árum. Eina brunatjónið sem ég man eftir var þegar það kviknaði í gluggatjöldum í húsi - en þar varð óverulegt tjón.“

VÍS með góða markaðsstöðu í Mývatnssveit

Því hefur verið haldið fram, í gamni, en þó líklega í meiri alvöru, að VÍS eigi vel yfir 90% markaðshlutdeild í Skútustaðahreppi og það sé án efa Böðvari að þakka sem hefur verið ötull málsvari félagsins og afar vinsæll í sinni sveit. Gárungarnir segja jafnframt að Böðvar hafi lengi reynt að sannfæra „þá tvo sem eftir eru“ í sveitinni til að ganga til liðs við VÍS, en sagan segir jafnframt að það hafi gengið illa þar sem þessir tveir eru umboðsmenn keppinauta á tryggingamarkaði! Við seljum þessa sögu ekki dýrari en við keyptum hana.

„Þetta eru þeirra orð,“ segir Böðvar hógvæer en neitar því ekki að hann hafi notið velgengni í starfi sínu sem umboðsmaður. „Hér þekki ég hvern einasta einstakling og alla innviði eigna þeirra,“ segir hann hlæjandi - enda hafi hann komið inn á nánast hvert heimili í sinni sveit. „Þjónusta í svona litlu sveitarfélagi er afar persónuleg og þar skiptir öllu máli að ná góðu sambandi við sína viðskiptavini, sem oft og tíðum eru einnig vinir og félagar. Þótt markaðshlutdeild VÍS sé með hæsta móti hér í hreppnum, er það ekki bara mér að þakka. Hér var Brunabótafélagið fyrir og nánast allir viðskiptavinir þess komu yfir til Samvinnutrygginga og síðar VÍS. Grunnurinn var því góður fyrir,“ segir hann og vill sem minnst gera úr sínum hlut. Við höfum það þó fyrir satt að hvergi á landinu sé markaðshlutdeild VÍS eins há og í Skútustaðahreppi.

Hraunið stefndi á þorpið

Þegar Böðvar er spurður um eftirminnileg atvik úr tryggingastarfinu svarar hann strax: „Mér er mjög minnisstætt þegar við sömdum við Kröfluvirkjun og Kísiliðjuna um tryggingar en báðir þessir samningar kröfðust mikillar vinnu og voru mjög



Gárungarnir segja að Böðvar hafi lengi reynt að sannfæra „þá tvo sem eftir eru“ í sveitinni til að ganga til liðs við VÍS, en sagan segir jafnframt að það hafi gengið illa þar sem þessir tveir eru umboðsmenn keppinauta á tryggingamarkaði! Við seljum þessa sögu ekki dýrari en við keyptum hana.

stórir. Það var mikil og góð reynsla og skemmtileg vinna,“ segir hann og nefnir líka að það hafi verið einkar eftirminnilegt þegar Leirhnjúkur fór að gjósa í desember árið 1975. „Hraunið stefndi beint á Reykjahlíðarþorpið og þá stoppaði ekki síminn hjá mér. Fólk spurðist fyrir um tryggingarvernd sína og í ljós kom að mörg hús voru vantryggð; þ.e. tryggingarupphæðin hafði rýrnað með árunum, auk þess sem alltof mörg hús voru með öllu ótryggð. Þá lögðum við nótt við dag við að endurmeta þau og það var mikil vinna.“

Eins og áður segir er Böðvar nú að búa sig undir starfslokin hjá VÍS. Hann mun þó ekki láta sér leiðast ef að líkum lætur, enda hefur hann víða komið við á lífsleiðinni.

„Ég var einu sinni sjötti maður á lista Framsóknarflokksins,“ segir Böðvar kankvís á svip og bætir við að þar með séu sín stjórn málaafskipti upptalin. Hann segist jafnframt hafa sungið með Kirkjukór Skútustaðahrepps frá 17 ára aldri og einnig með Karlakór Mývetninga. Þá hefur Böðvar tekið þátt í leiklistarstarfsemi og meðal annars leikið Georg í „Mýs og menn“ sem hann segir sjálfsagt stærsta hlutverkið sitt.

„Ég geri ráð fyrir að ég haldi áfram að sýsla eitthvað við búskapinn með sonum mínum, meðal annars fæ ég stundum að

mjólkla og taka til hendinni í fjósinu og svo kem ég aðeins að heyskapnum árlega. En helsta áhugamál mitt er þó landgræðslumál.“ En þess má geta að Böðvar fékk Landgræðsluverðlaunin fyrir nokkrum árum og hefur auk þess verið sæmdur Hinni íslensku fálkaorðu fyrir störf sín að landgræðslumálum. „Þetta eru nú orðnir á annað hundrað hektarar sem ég hef komið nærri,“ segir hann, hógvæð að vanda. Þá hefur Böðvar unnið að uppbyggingu Mývatnssafnsins og mun að sögn halda því áfram.

Mun sakna tryggingamálanna

„Mig langar líka til að læra betur á tölvu svo ég geti sett niður sitthvað sem ég hef safnað að mér í gegnum árin; minningar sem mér finnst ég þurfa að skrifa niður. Ég hef verið að grúska svolítið í sagnfræði og hef gaman að því að dunda mér við þetta. En ég kem þó til með að sakna tryggingamálanna - enda hefur þetta verið góður tími,“ segir Böðvar á Gautlöndum sem sannarlega mun hafa nóg að starfa í framtíðinni. VÍS þakkar honum að lokum farsæl störf í þágu félagsins og óskar honum velfarnaðar.

RD



VÍS og Lífis á Sjávarútvegssýningunni

VÍS og Lífis tóku þátt í Íslensku sjávarútvegssýningunni sem haldin var í Smáranum í Kópavogi dagana 3. - 7. september sl. Á sýningunni gaf að líta helstu nýjungar sem komið hafa fram á síðustu árum í veiðum og vinnslu. Vátryggingar eru stór þáttur í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja hvort sem þau eru stór eða smá. Fjöldi sýningargesta lagði leið sína í básinn þar sem starfsmenn VÍS kynntu tryggingaframboð félaganna. Á myndinni hér til hliðar eru starfsmenn okkar að ræða við gesti á sýningunni.



Þjóðaráttak VÍS

Þjóðaráttak VÍS gegn umferðarslysum heppnaðist með ágætum. Þetta var í annað sinn sem VÍS boðaði til þjóðaráttaks með því að fá tíu valinkunna einstaklinga til þess að strengja, hver um sig, eitt umferðarheit og skora jafnframt á aðra slíkt hið sama. Auk auglýsinga með hverju heiti fyrir sig, sem birtust vikulega í sumar í Morgunblaðinu, voru leiknar útvarpsauglýsingar og límmiðum dreift frá bensínstöðvum ESSO. Hver límmiði var jafnframt happdrættismiði þar sem hægt var að vinna veglega vinninga. Ríflega 23 þúsund límmiðar fóru út í þjóðaráttakinu og er það von okkar að íslenskir öikumenn hafi tileinkað sér þau tíu umferðarheiti sem átakið vísaði á.



Núpur BA 69

Í síðasta fréttabréfi VÍS sögðum við frá því hvaða vinna fer í gang hjá tryggingafélagi þegar skip strandar. Eins og mörgum er eflaust í fersku minni þá strandaði línuskipið Núpur BA 69 rétt utan við byggðina á Patreksfirði í nóvember á síðasta ári en skipið er vátryggt hjá VÍS. Viðgerð á skipinu lauk í ágúst og þótti vel hafa tekist til, en verkið var unnið hjá Skipalyftunni í Vestmannaeyjum, auk þess sem útgerðin Oddi hf. lét skipta um brú á skipinu. VÍS vill þakka þeim sem að viðgerð skipisins komu fyrir vel unnið verk.



Ungt fólk jákvætt gagnvart Lífis tryggingum

Auður Viktoría Þórisdóttir er þjónustufulltrúi í Landsbankanum og hefur aðsetur í aðalbanka, en þjónustuvæði hennar er jafnframt Vesturbærinn og Seltjarnarnesið. Auður er einn af fjölmörgum þjónustufulltrúum Landsbankans sem bjóða viðskiptavinum sínum Lífis tryggingar.

„Mitt starf felst aðallega í því að heim-sækja fyrirtæki og bjóða þjónustu Landsbankans. Það er mjög algengt þegar fólk gengur frá samningi við okkur um viðbótarlífeyrissparnað að það vilji líka kaupa annað hvort líf- eða sjúkdómatryggingu. Lífis sjúkdómatrygging er sérstaklega vinsæl enda er það bæði góð og tiltölulega ódýr trygging, sérstaklega fyrir ungt fólk en einnig er starfsfólk sjúkrastofnana áhugasamt enda er það mjög meðvitað um afleiðingar sjúkdóma.“

Aðspurð segir Auður að sér finnst Íslendingar vera talsvert á eftir Norðurlandabjóðunum hvað varðar persónutryggingar og segist í starfi sínu leggja áherslu á að fólk tryggi sig þannig að það eigi fyrir skuldum sínum ef það verður fyrir óvæntu áfalli. „Mér finnst fólk vera ánægt þegar það getur líka gengið frá tryggingamálum sínum hjá okkur í Landsbankanum og oft erum við að bjóða ungu fólki sínar fyrstu tryggingar. Lykilatriði í sölu trygginga er að bjóða góða vöru og því er auðvelt að selja Lífis tryggingar,“ segir Auður Viktoría Þórisdóttir.

Landsbankinn veitir alhliða fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga, fjölskyldur og fyrirtæki og er framboð Lífis líf- og sjúkdómatrygginga hluti af þeirri þjónustu.



VÍS og ÍT ferðir í magnaða menningar-, verslunar- og fótboltaferð til Manchester

Tryggingatakar VÍS njóta, auk góðrar og traustar váttryggingarverndar, ýmissa afsláttar. Í haust verður farið í magnaða menningar-, verslunar- og fótboltaferð til Manchester. Lagt er upp í ferðina föstudaginn 29. nóvember og komið til baka sunnudaginn 1. desember. Tryggingatökum hjá VÍS býðst ferðin á ótrúlegu verði eða aðeins 34.900 krónur.

Í Manchester er allt til alls, þessa helgi er hægt að fara á sýningu á söngleiknum Beauty and the Beast (Fríða og dýrið) og kostar miðinn aðeins 5.500 krónur. Bergþór Pálsson leiðir ferðalanga í óperuna en tvær óperur eru sýndar þessa helgi, Norma eftir Bellini og Aida eftir Verdi. Miði á uppfærsluna á Norma kostar aðeins 4.000 krónur og miðinn á Aida kostar 6.000 krónur.

Manchester er þekkt fótboltaborg og þessa helgi er auðvelt að komast á fótboltaleik. Ber hæst leikur Manchester United og Liverpool á sunnudeginum. ÍT ferðir útvega miða á alla helstu leikina á svæðinu.

Hápunktur ferðarinnar er svo kvöldskemmtun þar sem Bergþór Pálsson, Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson sjá um að halda uppi fjörinu. Hver veit nema evróvisjón lög og gömul og góð Simon og Garfunkel lög ómi.

Eins og áður sagði kostar ferðin aðeins 34.900 krónur á mann fyrir tryggingataka VÍS og eru flug, gisting með morgunverði, íslensk fararstjórn og flugvallarskattar innifalið í verðinu. Ferðin er pöntuð hjá ÍT ferðum. Rétt er að minna þá sem hafa F plús á ferða- og farangurstrygginguna sem er innifalin í F plús en þeir sem ekki hafa F plús geta vitaskuld keypt góðar ferðatryggingar hjá VÍS.

Upplýsingarit: Lagnaþekking. vitneskja - reynsla - umhverfi

Nýlega gaf Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins út rit, um lagnir og loftræstikerfi. Í bókinni er að finna viðamiklar upplýsingar um vatns- og hitakerfi í húsum og við hús, ásamt fjölda mynda. Einnig er kafli um vatnstjón. Höfundur ritsins er Ragnar Gunnarsson, tækniþráðingur, sem hefur langa reynslu af störfum og kennslu, á þessu sviði. VÍS studdi útgáfuna, ásamt fleirum. Ritið er mjög aðgengilegt, lærdómsríkt, vel framsett og auðlesíð. Það er von okkar hjá VÍS að sem flestir nýti sér þennan upplýsingabrunn og hvetjum við húseigendur og aðra, sem koma að lagnamálum til að kynna sér efnið, sem að okkar mati nýttist bæði lærdum og leiknum og ætti að draga úr líkum á vatnstjónum og auka öryggi á þessu sviði. Bókina er hægt að nálgast í helstu bókabúðum og hjá stofnuninni.



Mögnuð menningar-, verslunar- og skemmtiferð í beinu leiguflogi til MANCHESTER

29. nóv. til 1. des.

Frá KEF 09:00 föstud. 29. nóv., frá MAN 20:00 sunnud. 1. des.

- VERSLUN:** Trafford Center, ein stærsta verslunarmiðstöð í Evrópu, Slater's herrafataverslunin á engan sinn líkan o.fl. - Mjög hagstætt vöruverð!
- SKEMMTUN:** Söngleikurinn „BEAUTY AND THE BEAST“ Frábær skemmtun fyrir alla! - Miðaverð 5.500 kr.
- ÓPERA:** NORMA eftir Bellini og AIDA eftir Verdi. Miðaverð: 4.000 - 6.000 kr. Í Óperuna með Bergþóri Pálssyni.
- FÓTBOLTI:** Laugard. 30. nóv. Manchester City - Bolton, Leeds - Charlton o.fl. Sunnud. 1. des. LIVERPOOL - MANCHESTER UTD;

Við útvegum miða á alla helstu leikina á svæðinu!
Sjá verð og upplýsingar á vefsíðu ÍT ferða;
www.itferdir.is

Starfsmannafélög - félagasamtök o.fl. Hér er komin borgarferð vetrarins. - Tilvalið fyrir árhátíðina!

Einvalið fararstjóra / skemmtikrafta m.a. Eyvi, Stebbi Hilmarsson o.fl.

VÍS-verð aðeins 34.900 kr. + miðar og akstur
Venjulegt verð 39.900 kr. + miðar og akstur
Innifalið: Flug, góð gisting m. morgunv., íslensk fararstjórn og flugvallaskattar.

Ath. Verð miðast við gengi og flugvallaskatta 20. ágúst 2002.

ÍT ferðir - IT Travel
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
Sími 588 9900 · itferdir@itferdir.is · www.itferdir.is



Ekki bera allt einn

Leyfðu
að bera
ábyrgðina
OKKUR
með þér

Eftir því sem tíminn líður stækkar fjölskyldan og eignir hennar aukast.

Um leið eykst ábyrgðin sem við berum hvert og eitt. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að njóta bestu tryggingaverndarinnar á hverjum tíma. Þar er VÍS í broddi fylkingar,

m.a. með F plús fjölskyldutryggingunni, sem er víðameiri og víðtækari fjölskyldutrygging en nokkur annar býður.

Við erum ávallt reiðubúin til að tvöfalda öryggi þitt - með því að bera ábyrgðina með þér.



þar sem tryggingar
snúast um fólk